    kt. 230155-2599, innanhússarkitekt og kennari, Norðurbakka 17b, Hafnarfirði.
24. **Jónas Sigurðsson,**
    kt. 300149-4999, fyrrv. bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Hlíðartúni 8, Mosfellsbæ.
25. **Jóna Dóra Karlsdóttir,**
    kt. 010156-3789, fyrrv. bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, Norðurbakka 11c, Hafnarfirði.
26. **Rannveig Guðmundsdóttir,**
    kt. 150940-4789, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, Hlíðarvegi 61, Kópavogi.

### V - listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:

1. **Guðmundur Ingi Guðbrandsson,**
   kt. 280377-5629, umhverfis- og auðlindaráðherra, Sólvallagötu 74, Reykjavík.
2. **Una Hildardóttir,**
   kt. 030891-2529, varaþingmaður og forseti Landssambands ungmennafélaga, Álafossvegi 31, Mosfellsbæ.
3. **Ólafur Þór Gunnarsson,**
   kt. 170763-4409, öldrunarlæknir og alþingismaður, Naustavör 18, Kópavogi.
4. **Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir,**
   kt. 300595-2359, þjóðfræðinemi, Lækjargötu 32, Hafnarfirði.
5. **Þóra Elfa Björnsson,**
   kt. 050639-7469, setjari og framhaldsskólakennari, Skólagerði 41, Kópavogi.
6. **Júlíus Andri Þórðarson,**
   kt. 250290-3499, stuðningsfulltrúi og háskólanemi, Lindarbergi 6, Hafnarfirði.
7. **Bjarki Bjarnason,**
   kt. 150652-2519, rithöfundur og forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Hvirfli, Mosfellsbæ.
8. **Elín Björk Jónasdóttir,**
   kt. 261280-5319, veðurfræðingur, Einarsnesi 76, Reykjavík.
9. **Fjölnir Sæmundsson,**
   kt. 260170-5709, lögregluvarðstjóri og formaður Landssambands lögreglumanna, Lækjarkinn 10, Hafnarfirði.
10. **Anna Þorsteinsdóttir,**
    kt. 100783-2909, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði, Klappahrauni 4, Skútustaðahreppi.
11. **Sigurður Loftur Thorlacius,**
    kt. 300690-3869, umhverfisverkfræðingur, Mánatúni 4, Reykjavík.
12. **Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,**
    kt. 121066-4919, sérkennari og fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði, Norðurbakka 23, Hafnarfirði.
13. **Árni Matthíasson,**
    kt. 310157-5119, netstjóri mbl.is, rithöfundur og stjórnarmaður í Kvennaathvarfinu, Álfaskeiði 26, Hafnarfirði.
14. **Birte Harksen,**
    kt. 260570-2349, leikskólakennari, handhafi Íslensku menntaverðlaunanna 2021, Kópavogsbraut 83, Kópavogi.
15. **Gunnar Kvaran,**
    kt. 160144-3949, sellóleikari, Valhúsabraut 23, Seltjarnarnesi.
16. **Elva Dögg Ásudóttir og Kristinsdóttir,**
    kt. 210369-5979, lögfræðingur og myndlistarkona, Austurgötu 41, Hafnarfirði.
17. **Sigurbjörn Hjaltason,**
    kt. 100658-5429, bóndi, Kiðafelli 2, Kjósarhreppi.
18. **Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir,**
    kt. 060461-8139, iðjuþjálfi, Norðurbraut 37, Hafnarfirði.
19. **Ingvar Arnarson,**
    kt. 240678-3819, bæjarfulltrúi í Garðabæ og framhaldsskólakennari, Lindarflöt 52, Garðabæ.
20. **Anna Ólafsdóttir Björnsson,**
    kt. 040652-4349, fyrrv. þingkona Samtaka um kvennalista, tölvunar- og sagnfræðingur, Blátúni 1, Álftanesi.
21. **Einar Ólafsson,**
    kt. 110949-2949, bókavörður á eftirlaunum og rithöfundur, Trönuhjalla 13, Kópavogi.
22. **Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir,**
    kt. 150284-3179, deildarstjóri í leikskóla, Kópavogsbraut 74, Kópavogi.
23. **Gestur Svavarsson,**
    kt. 271272-3839, upplýsingatækniráðgjafi, Blómvangi 20, Hafnarfirði.
24. **Aldís Aðalbjarnardóttir,**
    kt. 301052-2009, kennari og leiðsögumaður, Brekkuhvarfi 9, Kópavogi.
25. **Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasson,**
    kt. 240760-7119, hugbúnaðarsérfræðingur, Huldubraut 1, Kópavogi.
26. **Þuríður Backman,**
    kt. 080148-4539, lífeyrisþegi, hjúkrunarfræðingur og fyrrv. alþingismaður, Bjarnhólastíg 2, Kópavogi.

*Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,*

*Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður*

*Berglind Svavarsdóttir* *Eysteinn Jónsson*

*María Júlía Rúnarsdóttir* *Marteinn Magnússon*



Sjávarútsýnið frá Hrólfsskálavör er ekki svo slæmt.

# Dýr einbýlishús við Hrólfsskálavör

**Mörg dýrustu einbýlishús landsins eru við Hrólfsskálavör ef marka má sölu fasteigna að undanförnu. Mikil sala hefur verið á fasteignum á Seltjarnarnesi eins og annars staðar á þessu ári.**

Ein þeirra er að Davíð Helgason keypti einbýlishúsið af Skúla Mogensen við Hrólfsskálavör á um 450 milljónir. Auk þess keypti hann fjórar lóðir við Steinavör sem var í eigu dánarbús Sigurðar Péturssonar á 500 milljónir. Þá var verið að selja eignina Hrólfsskálavör 8 fyrir um 350 milljónir. Af þessu má ráða að þarna séu nokkur að dýrustu einbýlishúsum landsins.

# Heiðrún Rut til starfa á Fótaaðgerðastofu Seltjarnarness



Sigurbjörg Hulda og Heiðrún Rut.

**Heiðrún Rut tók til starfa á Fótaaðgerðastofu Seltjarnarness í nóvember 2020 en hún útskrifaðist frá Keili október sama ár. Hún starfar nú þar ásamt Sigurbjörgu Huldu sem er eigandi stofunnar.**

Sigurbjörg tók við rekstri stofunnar haustið 2018 en fótaaðgerðastofan hefur verið starfrækt á Seltjarnarnesi í tæpa tvo áratugi undir handleiðslu mæðgnanna Margrétar Jónsdóttur og Ragnheiðar Guðjónsdóttur fótaaðgerðafræðinga og er staðsett á Austurströnd 8. Á stofunni er boðið upp á alla almenna meðferð á fótameinum og einnig spangarmeðferðir vegna inngróna tánagla. Fótamein eru fjölbreytt og eru skjólstæðingar stofunnar á öllum aldri, frá börnum til aldraða. Fótaaðgerð er heilbrigðisþjónustu sem allir gætu þurft á að halda.



XF

# FÓLKIÐ FYRST

## SVO ALLT HITT

- **Nýtt almannatryggingakerfi** sem tryggir lágmarksframfærslu.
- Skattleysismörk hækkuð í **350þ kr per mánuð.**
- **Verðtrygging** á húsnæðislánum afnumin.
- Fullt verð fyrir aðgang að **sjávarauðlindinni.**
- Öldruðum tryggt **áhyggjulaust** ævikvöld.




Flokkur Fólksins

X-F flokkurfolksins.is

# Nonni hefur 183 þúsund meira í vasanum

**- eftir Óla Björn Kárason**

Allt frá 2013 hefur Sjálfstæðisflokkurinn unnið markvisst að því að lækka tekjuskatt einstaklinga. Síðustu breytingarnar tóku gildi á síðasta ári og byrjun þessa. En hafa þær einhverju skilað?

Tökum dæmi af Nonna:

Árið 2017 var Nonni með 350 þúsund krónur í mánaðarlaun. Hann greiddi í tekjuskatt og útsvar rúmar 71 þúsund krónur. Skattbyrðin var 20,35%.



**Óli Björn Kárason.**

Í upphafi þessa árs byrjaði Nonni í nýju starfi og er með töluvert hærri laun eða 550 þúsund krónur á mánuði. Hann borgar nær 127 þúsund krónur í skatta. Skattbyrðin er 25,38%.

Hér gætu einhverjir komist að þeirri niðurstöðu að Nonni væri að fara illa út úr þeim breytingum sem gerðar hafa verið. En lítum aðeins nánar á dæmið.

Árin 2020 og 2021 tóku gildi róttækar breytingar á tekjuskattskerfinu með því að innleitt var nýtt lægra skattþrep. Markmiðið var og er að lækka skattbyrði einstaklinga og þá sérstaklega þeirra sem eru tekjulágir. Tryggja að eftir sitji fleiri krónur í vösum launafólks.

Dæmið um Nonna lítur því nokkuð öðruvísi út þegar skattgreiðsla er reiknuð út frá sömu launum. Í hverjum mánuði er Nonni að greiða liðlega 15 þúsund krónum minna í staðgreiðslu en hann hefði gert að óbreyttum skattareglum m.v. 550 þúsund króna laun.

Með öðrum orðum: Nonni er með tæplega 183 þúsund krónum hærri fjárhæð í vasanum (bankanum) á þessu ári en ef engar breytingar hefðu náð fram að ganga. Þetta er raunveruleg og áþreifanleg skattalækkun á kjörtímabilinu.

Svo er hægt að líta á þróunina út frá stöðu Nonna 2017. Með 350 þúsund krónur á mánuði var skattbyrðin 25,38% eins og kemur fram hér að ofan. Hefði hann notið kerfisbreytinganna sem gerðar hafa verið síðustu tvö árin, hefði skattbyrðin verið rétt um 15,7%.

Staðreyndin er sú að tekjuskattur einstaklinga hefur með kerfisbreytingum verið lækkaður um liðlega 21 milljarð króna. Þessi lækkun kemur eftir umtalsverða lækkun tekjuskatts á árunum 2016/17, sem einnig voru gerðar undir forystu og að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins.

# Gripið til aðgerða í plastmálum

Plast er verðmæt og til margra hluta nytsamleg vara ef það endar ekki sem rusl í umhverfi okkar. Plastmengun, sérstaklega í sjónum, er orðið mjög aðkallandi umhverfisvandamál. Eitt af hlutverkum stjórnvalda er að auðvelda fólki að vera umhverfisvænt. Við í VG tókum mörg mikilvæg skref í þessa átt á kjörtímabilinu varðandi plast.



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

**Við bönnuðum markaðssetningu einnota óþarfa,** eins og plasthnífapara og -bómullarpinna. Því rannsóknir sýna að einmitt þessar vörur eru líklegar til þess að enda í náttúrunni. Við getum notað aðra vöru í staðinn.

**Við bönnuðum afhendingu plastburðarpoka í verslunum**, af sömu ástæðum og taldar eru upp að ofan.

**Við gerðum flokkun að skyldu með lagabreytingum**, þar með talið á plasti, og komum í veg fyrir að það megi síðan urða það að flokkun lokinni. Því plast er dýrmætt og notadrjúgt hráefni sem við verðum að halda í hringrás eins lengi og við getum.

**Við innleiddum aukna ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á plastumbúðum.** Þannig bera þeir ábyrgð á endurvinnslu þeirra, eftir að þær eru orðnar að úrgangi og ber skylda til þess að upplýsa neytendur um áhrif varanna á umhverfið.

**Við börðumst á alþjóðavettvangi fyrir gerð alþjóðlegs samnings gegn plastmengun í hafinu,** sambærilegum Parísarsáttmálanum í loftslagsmálum. Því engin þjóð getur tekist á við plastvandann ein síns liðs, plast virðir ekki landamæri. Stór skref í þessa átt verða vonandi tekin á næsta ári.

**Við gáfum út fjármagnaða aðgerðaáætlun til að draga úr plastmengun hér heima.** Aðgerðirnar eru 18 talsins og ganga út á að draga úr plastnotkun, auka endurvinnslu á plasti og koma í veg fyrir plastmengun í hafi. 16 þeirra eru þegar komnar til framkvæmda.

Það hefur orðið stórfelld hugarfarsbreyting í umhverfismálum á undanförnum árum. Við þurfum að halda áfram að gera breytingar í samfélaginu, þannig að umhverfisvæni kosturinn sé sá augljósi og auðveldi í stöðunni.

Það skiptir máli hver stjórnar, sérstaklega í umhverfismálum.

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson*
*Umhverfis- og auðlindaráðherra og skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.*

# SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.




***Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.***

SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND

**Foreldrar verum samtaka**

# Útivistarreglurnar

## 1. september til 1. maí

***12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20***
***13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22***

## 1. maí til 1. september

***12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22***
***13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24***

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Samstarfshópur um forvarnir

SAMAN

Ríkislögreglustjórinn

587-INDIGÓ

# Ný ríkisstjórn - niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Mér þykir vænt um stjórnmál. Ekki síst vegna samtalsins við alls konar einstaklinga þvert yfir samfélagið um margvíslegar óskir og ólíkar þarfir. Hin mikilvæga tenging við raunveruleika fólks.

Og raunveruleikinn er sá að langflestir hafa á lífsleiðinni orðið fyrir áföllum, sumir í æsku en aðrir síðar. Sum áföll eru fyrirsjáanleg en önnur gera ekki boð á undan sér. Áhrifaríkustu samtölin í tengslum við starf mitt eru við foreldra og aðstandendur þeirra sem hafa leiðst út í áhættuhegðun, þunglyndi og kvíða vegna áfallaröskunar.

Samtölin hafa snúist um hvernig við getum gert betur og skapað umhverfi sem tekur utan um þennan dýrmæta hóp.

Ein leið er hreinlega að fjárfesta verulega í líðan þjóðar og líta ekki á það sem mjúku málin, heldur þau grjóthörðu. Að andleg líðan sé jafngild þeirri líkamlegu. Tryggja að allir hafi aðgengi að hjálp. Og þegar einstaklingur er loksins reiðubúinn til að vinna í sínum málum séu það ekki endalausir biðlistar og himinhár kostnaður sem taki á móti honum heldur opinn faðmur og stuðningur.

Og það var nákvæmlega þetta sem vakti fyrir þingflokki Viðreisnar þegar hann lagði fram mál ásamt þingmönnum úr öllum flokkum um að hefja niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu og annarri klínískri samtalsmeðferð. Frumvarpið var samþykkt einróma, vilji löggjafans var skýr og ég fylltist bjartsýni á að við værum að fjarlægjast pólitískar átakalínur. Þegar hins vegar kom að því að tryggja fjármagn reyndist ekki vilji hjá ríkisstjórnarflokkunum að fylgja málinu eftir. Eins sárt og það er. Við reyndum að höfða til félagslegrar ábyrgðarkenndar VG og Framsóknar og grjótharðra talnatilfinninga Sjálfstæðismanna, en allt kom fyrir ekki. Jafnvel þótt að aukið aðgengi og forvirkar aðgerðir muni spara ríkissjóði verulega fjármuni til lengri tíma og styrkja félagslegar stoðir samfélagsins.

Skortur á aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu er lífshættulegur. Það segir tölfræðin okkur og reynslan. En þannig þarf það ekki að vera. Þjóðin á betra skilið en ríkisstjórn sem þorði ekki pólitískt að hafna góðu frumvarpi í þingsal. En ætlar sér svo ekki að klára verkefnið. Enda ekki „þeirra mál". Í nýrri ríkisstjórn með Viðreisn innanborðs verður þetta mál klárað. Því get ég lofað. Í því felast almannahagsmunir.

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir*
*Formaður Viðreisnar*

# Hvað er börnum fyrir bestu?



Una Hildardóttir.

Öflugt menntakerfi, þar sem öll börn geta sótt sér menntun við hæfi er eitt mikilvægasta jöfnunartæki samfélagsins. Það er samfélagslega hagkvæmt að byggja upp öflugt og gjaldfrjálst menntakerfi á öllum skólastigum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna viðurkennir rétt barna til ókeypis grunnmenntunar og aðgengi þeirra að framhaldsmenntun. Samkvæmt sáttmálanum á menntun að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi, menningu og fjölbreytileika annara. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur vinnur að innleiðingu barnasáttmálans á Íslandi, en hvernig getum við tryggt rétt barna til innihaldsríks náms?

## Leikskólinn sem fyrsta skólastigið

Við í Vinstri grænum viljum skoða möguleikana sem felast í lögfestingu leikskóla sem fyrsta skólastigið í samráði við kennara og foreldra. Leikskóli á að vera gjaldfrjáls og aðgengilegur öllum börnum að loknu fæðingarorlofi. Með lögfestingu viðurkennum við mikilvægi leikskóla og verða laun og kjör leikskólastarfsmanna að hækka í takt við það.

## Grunnskólanám fyrir börn, ekki kerfið

Markvisst þarf að vinna áfram að því að fjölga kennaranemum sem og bæta aðstæður og kjör kennara svo tryggja megi öflugt skólastarf til framtíðar. Á kjörtímabilinu fórum ríkisstjórnin í átak um fjölgun kennaranema. Með launuðu starfsnámi og hvatningarstyrk til kennaranema tókst að fjölga umsóknum í grunnkennaranám um 45%.

Kennsla og stuðningskerfi þurfa að taka mið að þörfum barna en ekki þörfum skólastofnanna. Með endurskoðun á skimunarprófum og stöðluðum mælikvörðum, auknu fjármagni og fjölgun starfsmanna drögum við úr álagi og styðjum betur við einstaklingsmiðað nám og þarfir nemenda.

## Hvað er börnum fyrir bestu?

Skólastarf er grunnþjónusta við börn en ekki foreldra. Miða þarf skipulag og þjónustu út frá því, tryggja öllum börnum aðgang að gjaldfrjálsu námi, fríum skólamáltíðum og skólastarfi sem tekur mið af ólíkum þörfum þeirra. Vinstrihreyfingin grænt framboð vill efla nám á öllum skólastigum, fjölga kennurum og tryggja velsæld allra barna, þau eru eftir allt saman framtíðin.

*Una Hildardóttir*
*Höfundur skipar 2. Sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi.*




**Vottað réttinga- og málningarverkstæði**

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

**Tjónaskoðun**
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.

**Rétting og málning**
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

**Framrúðuskipti**
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.

**Smáviðgerðir**
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

GB TJÓNAVIÐGERÐIR
Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

# Vaxtarstyrkur eflir forvarnir


Willum Þór Þórsson.

Það er óumdeilt að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþrótta- og tómstundarstarfi hefur mikið forvarnargildi. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi styrkir líkamlegan, félagslegan og andlegan þroska barna. Slík þátttaka dregur úr hvers konar frávikshegðan, hefur jákvæð áhrif á námsárangur, eflir einstaklinginn á margvíslegan hátt og styrkir sjálfsmyndina. Þannig má álykta að skipulagt íþrótta- og tómstundastarf leiði til þjóðfélagslegs heilsuábata og minnki álag á heilbrigðiskerfið. Einnig hefur verið sýnt fram á að þátttaka í slíku starfi hefur jákvæð áhrif á skólastarf og vinnumarkað í formi færri veikindadaga og aukinnar framleiðni.

Við í Framsókn viljum auka áhersluna á forvarnir. Þannig eflum við einstaklinginn, léttum á útgjöldum fjölskyldunnar í dag, og drögum úr álagi og auknum útgjöldum heilbrigðiskerfisins til framtíðar.

## Lengi býr að fyrstu gerð

Það er mikilvægt að tryggja að öll börn hafi jöfn tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar óháð efnahag fjölskyldunnar því slíkt eykur lífsgæði og er mikilvægur liður í heilsusamlegum lífsstíl. Sveitarstjórnir hafa stutt við fjölskyldur með frístundastyrkjum, og niðurgreitt skipulagt íþrótta- og tómstundastarf. Það hefur skilað jákvæðri þróun og tölfræðin hefur sýnt okkur að í þeim sveitarfélögum þar sem frístundastyrkir standa til boða hefur verið aukning iðkenda í nær öllu skipulögðu frístundastarfi.

Við í Framsókn ætlum að koma til liðs við sveitarstjórnir, þá fjölmörgu aðila sem skipuleggja íþrótta- og tómstundastarfið og fjölskyldurnar í landinu með því að ýta undir þessa jákvæðu þróun og stuðla enn frekar að því að börnin okkar blómstri. Við viljum leggja 60 þúsund króna styrk til allra barna um allt land til viðbótar við þann styrk sem þegar er greiddur af sveitarfélögunum. Með þessum vaxtarstyrk jöfnum við tækifæri barna til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.

Það er hluti af þjóðarátaki í lýðheilsutengdum forvörnum.

Undirritaður er oddviti Framsóknar í Suðvesturkjördæmi

*Höfundur er þingmaður Framsóknar og oddviti flokksins í Suðvesturkjördæmi.*

# Nú eru allir jafnaðarmenn!


Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Eins og haust fylgir sumri, þá er hægt að treysta því að tveimur vikum fyrir alþingiskosningar tali frambjóðendur flestra – nei, svei mér þá, allra – stjórnmálaflokka eins og þau séu nýstigin úr stjórnmálaskóla Samfylkingarinnar: jöfn tækifæri, jöfnuður, jafnrétti og kvenfrelsi, bæta kjör þeirra verst settu, draga úr skerðingum, hækka barnabætur, efla heilbrigðiskerfið, skiptum byrðunum með sanngjörnum hætti, nýtum skattkerfið til að létta undir með þeim sem raunverulega þurfa á því að halda, og þannig mætti áfram telja.

Um leið og ég gleðst yfir því að stjórnmálafólk skuli horfast í augu við þá staðreynd að almenningur vill búa í samfélagi sem einkennist af jöfnuði, réttlæti og mannsæmandi lífskjörum, þá verð ég líka að viðurkenna reynslan hefur kennt mér að hér fara tal og mynd ekki alltaf saman. Kjósendur þurfa að átta sig á því í tæka tíð fyrir kosningar. Það er nefnilega bara einn jafnaðarmannaflokkur á Íslandi, sósjaldemókratísk stjórnmálahreyfing sem stendur föstum fótum í femínisma og umhverfisvernd: Samfylkingin – Jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Kosningaáherslur Samfylkingarinnar hverfast um lífskjör almennings og eru eins langt frá sérhagsmunagæslu og hægt er að hugsa sér. Við viljum bæta kjör barnafjölskyldna með því að hækka barnabætur. Það gerum við með því að færa skerðingarmörk þeirra úr kr. 351.000 í kr. 600.000. fyrir einstætt foreldri. Við leggjum til að grunnupphæð almannatrygginga hækki strax um áramótin í takt við lífskjarasamningana. Við ætlum að tvöfalda frítekjumark lífeyristekna hjá eftirlaunafólki og við ætlum að tvöfalda frítekjumark atvinnutekna hjá öllum lífeyrisþegum. Nú má heyra enduróm þessara áherslna Samfylkingarinnar víða.

Samfylkingin hefur lagt fram 50 metnaðarfullar tillögur um aðgerðir í loftslagsmálum og setur raunhæf markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030, eða 60% samdrátt. Við vitum að það er hægt og við viljum leiða saman í ríkisstjórn þá flokka sem deila þessum metnaði með okkur. Sem betur fer eru þeir nokkrir.

Allt tal um frelsi og jöfn tækifæri verður innantómt gaspur ef ekki fylgir pólitískur vilji til að reka sterkt velferðarkerfi sem kemur til móts við þarfir þeirra sem þurfa á stuðningi að halda. Það verður ekki fjármagnað nema þjóðin fái sanngjarnan arð af auðlindum sínum og hin efnameiri greiði skatt í samræmi við getu. Setjum X við S.

*Þórunn Sveinbjarnardóttir leiðir lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 25. september.*

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R 44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION
3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



# FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

**Þá er félagsstarfið hafið að nýju nánast óhindrað. Verum samt skynsöm áfram og pössum upp á okkur varðandi almennar sóttvarnir og grímunotkun þegar það á við. Nú eiga allir 65 ára og eldri að vera búnir að fá inn um lúguna dagskrá félagsstarfsins fyrir mánuðina september – desember 2021. Þetta haustið var kynningarfundurinn okkar “opið hús” í salnum á Skólabraut. Þar kynntum við vetrardagskrána og starfsmenn, skráðum fólk á námskeiðin, í ferðir og leikhús. Nýr formaður félags eldri borgara á Seltjarnarnesi mætti á fundinn, skráði inn nýja meðlimi og sagði frá félaginu, áformum og samvinnu með félagsstarfinu. Þetta var skemmtileg samverustund, gott spjall og fólk naut þeirra veitinga sem var boðið uppá. Mjög góð skráning er í öll námskeiðin sem í boði eru og er fullbókað í nokkur, þannig að það er alveg ljóst að áframhald verður á öllum námskeiðunum aftur eftir áramótin.**

Nú er Janus heilsuefling komin af stað aftur eftir langt covid hlé, þátttakendum til mikillar gleði og er mjög góð þátttaka í verkefninu. Nýr hópur verður tekinn inn í verkefnið strax eftir áramót, þannig að þeir sem vilja taka þátt geta farið að sækja um á janusheilsuefling.is. Til stendur að hafa gaman saman stund í salnum á Skólabraut miðvikudaginn 20. október kl. 17.00. Þá fáum við til okkar gesti og njótum léttra veitinga.

Ekki hefur verið farið í leikhús í tvö ár og ætlum við því að reyna að fara amk. tvær ferðir fyrir áramót. Við byrjum í Borgarleikhúsinu þann 22. október og sjáum 9 líf Bubba og er mjög góð þátttaka í þá ferð. Ekki er endanlega ákeðið hvert seinna stykkið verður en margt kemur til greina og verður auglýst í næsta blaði. Þegar þessar línur eru skrifaðar þá er undirbúningur í gangi fyrir fyrstu óvissuferð haustsins. Nú ætlum við að heimsækja hellana við Hellu, fara í Kúluhúsið á Hellu og kíkja á nýja miðbæinn á Selfossi á leiðinni heim. Fleiri ferðir eru á dagskránni og verða þar auglýstar á næstunni. Haukur í golfskálanum klikkar ekki og er búin að bjóða okkur í bingó úti í skála þriðjudaginn 26. október kl. 14.00 og eru allir hjartanlega velkomnir. Við vonumst til að bæði slysavarnardeildin Varðan og Lions haldi áfram að bjóða í félagsvist, en dagsetningar liggja ekki fyrir.

Menningarhátíð Seltjarnarnes í ár verður dagana 7. – 10. október og verðum við að sjálfsögðu með í því verkefni. Að þessu sinni verður sýndur sköpunarkrafturinn í haldverki okkar eldra fólks og verðum við með fjölbreytta sýningu á verkum þeirra í húsnæði bókasafns Seltjarnarnes og hvetjum við alla til að líta við.

Höldum áfram að efla starf eldri borgara með samvinnu og góðri þátttöku.

Ný stjórn hefur tekið við í **Félagi eldri borgara Seltjarnarnesi.** Í stjórninni eru: Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, Þóra Einarsdóttir, Inga Hersteinsdóttir, Þórleifur Jónsson.

Mikill áhugi er hjá stjórnarmönnum um að fá sem flesta íbúa Seltjarnarness sem náð hafa aldri, til að ganga nú í félagið og fá með því tækifæri á að hafa áhrif á gang mála hvað varðar málefni eldri íbúa, aldurstakmarkið er **60 ár** og upp úr. Málin eru mörg og brýn en margar hendur vinna léttara verk okkur öllum til hagsbóta. Félag eldri borgara hefur fulltrúa í öldungaráði bæjarins og þar með beina línu til bæjarstjórnar. Starf bæjarins sem snýr að eldri borgurum hefur verið gott og með góðri samvinnu getum við gert það enn betra.

FEB Seltjarnarnesi mun koma upplýsingum á framfæri í gegnum FB-síðuna: **Félga eldri borgara Seltjarnarnesi.**

# BÓKAÐ MÁL



## *Uppskera*

Ég berst í gegnum rigninguna alla leið inn á Eiðistorg þar sem drynur í þakhvelfingunni undan linnulausu úrhellinu. Gegnvotur og bölvandi ösla ég upp á bókasafnið og býst við að þar sé enginn þegar veðrið fyrir utan gluggana er svo dimmt *að kilirnir á rauðu seríunni* uppi í hillu verða *næstum gráir* eins og í ljóði eftir Dag Hjartarson. En þá taka á móti mér kunnugleg andlit fastagestanna sem dreypa á rjúkandi kaffi og fletta blöðunum eins og ekkert sé og ég er minntur á að það þýðir lítið að kippa sér upp við smávegis haustlægð. Lífið heldur áfram og við höldum áfram að drekka kaffið.

Haustið er framundan með gráma og hryssingi, leiðinlegt og tyllidagalaust alveg frá miðjum ágúst og fram að fyrsta vetrardegi. Áður fyrr var meira um að vera á haustin, sérstaklega í sveitum. Það var uppskerutíð með töðugjöldum og slægjum og þá voru líka höfuðdagur, krossmessa að hausti og Mikjálsmessa sem markaði upphaf sláturtíðar, að ógleymdum réttunum sem voru þegar orðnar að árlegum byggðarhátíðum við lok miðalda. Réttir tíðkast auðvitað enn í sveitum en hér á malbikinu haustkalda er lítið við að vera.

Því er vert að rifja upp að haustið var varla til sem árstíð á Íslandi forðum. Þá var þetta bara einn mánuður, svokallaður haustmánuður, sem var talinn síðasti sumarmánuðurinn en ekki upphaf vetrar og einkenndist af uppskerugleði og fögnuði. Orðið *haust* er jú komið af sömu germönsku rótinni og enska orðið *harvest*.

Sólskinið gleymist alltof fljótt þegar haustlægðirnar dynja á okkur. Einblínum ekki á veturinn framundan heldur gleðjumst yfir því sem við höfum upplifað og áorkað í sumar. Það er uppskeran sem við tökum með okkur inn í veturinn. Það er forðinn sem yljar okkur í svartasta myrkrinu.

Látum ekki styttri daga og versnandi veður á okkur fá. Hitum bara sterkara kaffi og höldum áfram. Því svo kemur sumarið ábyggilega alltaf aftur.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness


FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

**Verið velkomin**

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

# DAGSKRÁ OKTÓBER 2021

## MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2021 7. – 10. október

07.10.21-10.10.21
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS

**Meðal viðburða og sýninga á bókasafninu í tilefni Menningarhátíðar**

*Öll dagskrá menningarhátíðar er kynnt á fésbókar- og heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.*

**MÁLVERK** – Sýning Guðrúnar Einarsdóttur í Gallerí Gróttu
**BJÖSSI SAX** bæjarlistamaður 2021 leikur létt lög ásamt Pálma Sigurhjartarsyni
**SKÖPUNARKRAFTUR KYNSLÓÐANNA** – List- og hönnunarsýning leikskólabarna, grunnskólanema og eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi
**TÓNAFJÖR** frá nokkrum nemendum Tónlistarskólans
**GUNNAR HELGASON** rithöfundur spjallar og les fyrir börnin
**FÖNDUR, FRÓÐLEIKUR** og margt fleira

## 4. október kl. 20.00



### SelgarnaNes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu. Allir velkomnir. Nánar á fb-síðu hópsins: ***SelGARNanes og nágrenni.***

## 4. 5. og 7. október

### Á SKJÁNUM RIFF FESTIVAL 1 MINUTE VIDEOS

Í samstarfi við **RIFF Festival** verða sýndar hollenskar stuttmyndir m.a í samvinnu við hollensku One Minute-samtökin.

RIFF
Reykjavík International Film Festival
30. SEPT - 10. OCT 2021

## 5. október kl. 18.00–19.00

### BÓKMENNTAKVÖLD með Gunnari Kvaran - Tjáning



Sellóleikarinn **Gunnar Kvaran** er landsþekktur fyrir störf sín á vettvangi tónlistar. Hér stígur hann inn á ritvöllinn með sína fyrstu bók, verkið ***Tjáning***.

## 6. október kl. 17.00–17.30



### Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesnar verða bækurnar ***Skrímslaleikur*** og ***Nei! sagði litla skrímslið*** eftir ***Áslaugu Jónsdóttur***, ***Kalle Güettler*** og ***Rakel Heimsdal***.

## 7. október kl. 17.00–19.00
GALLERÍ GRÓTTA



### Sýningaropnun

***Guðrún Einarsdóttir*** myndlistarkona opnar myndlistarsýninguna ***MÁLVERK*** í tengslum við Menningarhátíð Seltjarnarness 2021.

***Sýningin stendur til 30. október.***

## 16. október kl. 11.00–12.00
LESIÐ FYRIR HUND OG FÖNDUR

Börnum býðst að lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að hverju sinni.

Skráning á **saeunn.olafsdottir @seltjarnarnes.is**

**Sæunn barnabókavörður** býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.



## 20. október kl. 17.00
FYRIRLESTUR



### Virðingarríkt uppeldi

**Guðrún Birna Le Sage**, Gló Motion heilræktarkennari og markþjálfi heldur fyrirlestur um virðingarríkt uppeldi í vitund.

## 25.–30. október




## 27. október kl. 17.00
ALÞJÓÐLEGI BANGSADAGURINN

### Bangsasögustund



Komdu með bangsann þinn í heimsókn að hitta bangsana okkar og hlusta á skemmtilega bangsasögu.

## 30.–31. október kl. 17.00–17.30



### HREKKJAVAKA Í GLUGGUM BÓKASAFNSINS

Skuggalegar furðuverur fara á stjá í Bókasafni Seltjarnarness þegar rökkva tekur.

**Bókasafn Seltjarnarness**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17. Lau. 11-14.
Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.
Bókasafn Seltjarnarness

# GRÓTTUSÍÐAN

www.grotta.is

## Pétur Theódór til Breiðabliks

**Knattspyrnudeild Gróttu hefur komist að samkomulagi við knattspyrnudeild Breiðabliks um félagaskipti Péturs Theódórs Árnasonar að loknu yfirstandandi keppnistímabili. Pétur Theódór, sem er 26 ára gamall, er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi og lék hann upp alla yngri flokka Gróttu.**



**Pétur Theódór Árnason hefur verið öflugasti leikmaður Gróttu síðustu ár.**

Pétur lék sína fyrstu leiki í meistaraflokki Gróttu árið 2011, þá aðeins 16 ára gamall en sama ár spilaði hann með U16 ára landsliði Íslands. Pétur fór í framhaldi á reynslu til enska liðsins Reading og var viðloðandi landsliðshópa Íslands næstu misseri á eftir. Pétur Theódór þurfti að taka sér hlé frá fótboltanum vegna meiðsla, en endurkoma hans frá árinu 2018 hefur verið ævintýri líkust. Árið 2019 var Pétur Theódór lykilmaður í meistaraliði Gróttu í Inkasso-deildinni, var markakóngur deildarinnar með 15 mörk í 22 leikjum ásamt því að vera markahæsti leikmaður Mjólkurbikarsins. Pétur Theódór var valinn besti leikmaður fyrri hluta deildarinnar, var í liði ársins auk þess að vera íþróttamaður Gróttu og íþróttamaður Seltjarnaness sama ár. Pétur var lykilmaður í Gróttuliðinu á fyrsta tímabili félagsins í efstu deild sumarið 2020. Á yfirstandandi keppnistímabili hefur Pétur Theódór verið sjóðheitur fyrir framan markið, er markahæstur í Lengjudeildinni með 18 mörk í 18 leikjum. Alls hefur hann leikið 139 leiki fyrir meistaraflokk Gróttu og skorað í þeim 62 mörk.

Pétur hefur öll sín ár hjá Gróttu verið sannur liðsmaður, góður samherji og fyrirmynd ungra iðkenda, ekki síst vegna eljusemi, þrautseigju og metnaðar. Þótt allt Gróttufólk muni kveðja Pétur Theódór að loknu tímabili með trega, samgleðjumst við honum og óskum velgengni í nýjum verkefnum.

## Kjartan Kári og Kári Daníel í hóp U19 ára landsliðsins



**Gróttumennirnir Kjartan Kári Halldórsson og Kári Daníel Alexandersson voru í hóp U19 ára landsliðsins sem mætti Sviss í vináttuleik ytra 6. september.**

Leikurinn er liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2022, en Ísland er þar í riðli með Ítalíu, Slóveníu og Litháen og verður riðillinn leikinn í Slóveníu 6.-12. október.

Grótta er stolt af því að eiga tvo fulltrúa í hópnum og óskar drengjunum góðs gengis í leikjunum!


HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook



Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:
» **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluaðstöðu og framkvæmdaáætlun
» **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
» **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum




EIGNAumsjón 20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is





GETRAUNANÚMER GRÓTTU
170

1X2 GETRAUNIR.IS

# Leitað að nýju safnhúsi á Nesinu



**Víkurströnd 4 (Pálsbær) þar sem Ólafur Pétursson bjó lengst af. Þar voru flestir safngripirnir geymdir.**

**Leit er hafin að nýju safnhúsi á Seltjarnarnesi. Eftir að dánarbú Sigurðar Péturssonar seldi lóðirnar við Steinavör til Davíðs Helgasonar fjárfestis vantar húsnæði til að hýsa safngripi sem bræðurnir Sigurður og bróðir hans Ólafur Péturssynir voru búnir að safna.**

Leitað er að um 300 fm húsnæði undir safngripi þeirra sem söfnuðust saman í gegnum árin. Að ósk þeirra bræðra vildu þeir að keypt yrði húsnæði á Seltjarnarnesi undir þetta safn enda rótgrónir Seltirningar. Þegar hefur verið athugað húsnæði við Austurströnd undir safnið. Þetta safn á að vera opið öllum og sýna á þessa fallegu grip sem bræðurnir söfnuðu.




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

VIÐ ÞJÓNUM **ALLAN SÓLARHRINGINN**






Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367


Festa,
stöðugleiki,
betri lífskjör